

Stella Hauksdóttir

(1953 - 2015)

Stutt viðtöl tekin úti á ýmsum stöðum í Vestmannaeyjum

Þjóðhátíð 1998

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 287, 289

© Krumma films ehf.

DV 287

- Niðri við bryggju -

HRA: Manstu eftir einhverju spaugilegu, varstu einhvern tímann ástfanginn af einhverjum þegar þú varst að vinna hérna? Eða áttir í....

Konu? Eða mann?

HRA: Konu já.

Jú, jú, auðvitað kom það fyrir að ég varð ástfangin í einhverri konu sem var að vinna á staðnum. Og hérna ég held að ég láti ekki nafnið út úr mér. Þú veist, auðvitað bara gerist það að hérna maður verður ástfanginn, þó maður láti það aldrei í ljós. Það gefur auga leið náttulega vegna þess að mér fannst ég vera eina lesbían í Vestmannaeyjum sko þannig að ég lagði ekki í neina áreitni. En jú, jú, það gerðist. En ekkert í sambandi við það vegna þess að ég hafði alltaf stjórn á mér hvort sem ég var full eða edrú sko. Og ræddi bara svona almennt lífið og pólitíkina.

HRA: Þarna, þú verður nú fljótlega bíddu nú við, geturðu aðeins talað um það þegar þú byrjar að fara meira inn í, inn í Reykjavík og...

Ég fór alltaf um helgar.

HRA: Geturðu ekki bara sagt svona aðeins frá því og hvernig það æxlaðist að þú fórst að fara á þessi Samtakaböll og...

Ég byrjaði sem sagt á því að, ég byrjaði í Danmörku í rauninni. Við fórum alltaf Snótarkonur til Danmerkur og vorum í sumarbústað í Helsingør eða einhverstaðar og þar fór ég að fíkta mig áfram sem sagt, að svona að leita eftir sjálfri mér sko og hvernig. Þegar ég hafði tíma fyrir sjálfa mig þá fór ég kannski á staði sem að voru gay staðir og hérna svo vildi svoleiðis til að einn vinur minn sem var hommi, bjó í Danmörku, þannig að hérna ég gat svona rætt við hann. Og hann lóðsaði mig þá eða fór með mig eða fyrrverandi konan hans. Þannig að þannig fór ég svona að í byrjun. Og síðan þegar ég þorði að gangast við sjálfri mér og koma úr felum og annað þá fór ég bara til Reykjavíkur um hverja helgi. Ég var helst ekki hér um helgar sko, þú veist.

Svona fólk

HRA: Nú hvernig stóð á því?

Nei vegna þess að ég var kannski að leita að, sko ef ég var að leita og ég leitaði, ef ég var að leita að konu sem að var samkynhneigð eins og ég, þá leitaði ég ekki í Vestmannaeyjum. Það bara hvarflaði aldrei að mér þú veist, mér hefði aldrei dottið það í hug og ég er að hugsa það núna að það er staðreynd að ég hugsaði það aldrei og mér datt aldrei til hugar að hugsa um það. Og ég er fyrst núna að gera mér grein fyrir því að ég gerði það, þú veist. Ég hef kannski aldrei verið spurð heldur og aldrei velt því fyrir mér. En ég fór til Reykjavíkur til þess að hitta þá samkynhneigða og fara á böll og kynnast Samtökunum og ég var nú byrjuð að vinna í Samtökunum áður en ég flutti úr Vestmannaeyjum, svona eitthvað. En, já það er rétt.

HRA: Hvað heldurðu að það hafi verið? Varstu hrædd við, ja má ég segja við útskúfun eða? Ha, ég meina?

Nei, ég var ekki hrædd við útskúfun.

HRA: Nú er þetta kannski þegar þú segir þeim ok ég er lesbía og það er náttúrulega voðalega svona, það er kannski engin sönnun fyrir því en maður er ekkert að hafa sig frammi kannski á svæðinu, heldurðu að það hafi spilað svolítið inn í að þú hafir viljað hlífa fólki eða...

Ekki hlífa fólki, ég held ég hef þá meira hugsað þá um að hlífa sjálfri mér við því að vera ekki barin í klessu ef þessir fordómar væru til staðar, sem alls staðar voru í samfélaginu á þeim tíma og eru. En sko ég held að eins og sagt er einhvern tímann eða maður segir yfirleitt, maður lítur aldrei sér nær þú veist, maður leitar alltaf lengra heldur en við hliðina á manni. Það gætu þess vegna getað hafa verið tíu lesbíur við hliðina á mér án þess að ég hefði sko kveikt á perunni sko, þú veist. Það er bara staðreynd sko. Vegna þess að mér datt aldrei til hugar að það væru fleiri lesbíur í Vestmanneyjum skilurðu heldur en ég og þess vegna leitaði ég náttúrulega til Reykjavíkur. Það gefur bara auga leið. En nei, þegar þú spyrð að þá bara get ég svarið það að ég var ekki með það í huga að það væru til aðrar konur sem að sem sagt hefðu sömu kenndir og ég.

HRA: Þannig að þú ert eina konan í Vestmannaeyjum með svona kenndir?

Ekki í dag vonandi. Það hafa nú fleiri komið úr felum í dag. Og þær eru í Reykjavík flestar held ég og já, alla vega þær sem ég þekki þær eru yngri en ég en auðvitað eru konur eldri en ég líka sem

hafa þessar, sem eru lesbíur en hafa ekki komið út. Og eru kannski hérna í bænum, ég ætti kannski að athuga þetta í kvöld. Shhh, láttu þetta ekki fylgja [hlær].

HRA: Talaðu um þessi Snótarár og það bardús allt saman og kannski getur tengt það við fyrstu kærustuna eða kannski ekki fyrstu kærustuna, fyrstu, er ekki Elsa fyrsta kærastan sem að þú bjóst með?

Jú, jú. Já ég hérna, sko þegar ég rifja þetta upp að þá hérna man ég það að þegar kom að því að ég ætlaði að fara að starfa með Snót og vera í pólitíkinni á því sviði, að þá hérna fannst mér ég þurfa að láta vita af því að ég væri lesbísk. Vegna þess að hérna, sko yfirleitt þarf folk ekki að segja hvað það er, hvort það er heteró eða hvort það er með, gift, ógift eða hvort það á barn eða ekki en einhvern veginn sko þó það væri á móti minni eigin sannfæringu þá fannst mér ég þurfa að segja áður en ég gekk til kosninga við varaformanninn að ég væri lesbísk. Þannig að fólki fyndist ég ekki hafa komið bak við það og hérna því að ég bjóst við að fordómamir væru það miklir. En þrátt fyrir það að, að hérna, kannski voru þetta bara mínir eigin fordómar náttúrulega á þeim tíma, en það gerðist alla vega þannig að ég lét vita af því og annað en samt náði ég kosningu og varð varaformaður Snótar og vann á skrifstofu Snótar í þrjú, fjögur ár áður en ég flutti til Reykjavíkur. Og konurnar stóðu mjög fast með mér í þeim málum sem að komu upp. Og það var aldrei sko, það kom aldrei fram að á mínum starfsferli í starfskvennafélaginu, að það kom aldrei fram hjá konunum að þær væru eitthvað, óttuðust mig eitthvað eða fyndist erfiðara að tala við mig eða eitthvað þessháttar vegna þess að ég væri lesbísk. Það kom aldrei fram þannig að það sýnir nokkuð vel finnst mér sko hvað konum finnst eða hvað fólki finnst hérna á þessu skeri. Segi skeri, ok ég á að segja eyju. Vegna þess að...

HRA: Hérna hvað er, geturðu sagt mér hvað Snót er?

Snót er verkakvennafélag og hérna eitt af verkakvennafélögunum hér á landi sem hafa barist fyrir réttindum verkakvenna í Vestmannaeyjum í gegnum tíðina. Og hérna hefur verið mjög virkt og sterkt félag og var það. Að vísu finnst mér það orðið mjög lint í dag og mér finnst ég heyra allt of lítið frá þeim og hérna mér finnst þær orðið falla vel inní ASÍ og VMSÍ munstrið sko, sem sé að hérna þær rísi ekki upp gegn því sem okkur finnst ekki vera rétt. En áður fyrr þá voru þær sterkari og börðust harðar og jafnvel felldu það sem var verið að semja um í Reykjavík. Þetta er já sem sagt verkakvennafélag sem var mjög virkt og sterkt.

HRA: Hérna geturðu aðeins talað um ferðirnar til Reykjavíkur og þar sem þú finnur þína fyrstu konu í raun og veru kannski....

Fyrsta kærastan eða fyrsta konan ég var með sem sagt í Reykjavík eins og maður segir, að hérna við vorum saman í einhvern tíma og hún ákvað að koma hérna eina helgi og heimsækja mig og sem hún gerði náttúrulega og hérna og við fórum saman á ball og annað og við urðum ekki fyrir neinu aðkasti. En svo sú kona sem ég bjó svo með hún kom hérna líka og við fórum oft á böll hérna, hún kom hérna um helgar og við fórum stundum á böll og við urðum svolítið fyrir aðkasti í byrjun sko en sterkasta aðkastið var það þegar okkur var neitað um afgreiðslu á veitingahúsi vegna þess að við hefðum hagað okkur ósiðlega á ballinu kvöldinu áður. Og ég hef ekki fundið ennþá neitt ósiðlegt við það að, eflaust höfum við kysstst eða eitthvað svoleiðis en við dönsuðum örugglega ekki mikið því ég er ekki mikil dansmanneskja og hérna þegar við komum daginn eftir og ætluðum að fá okkur að borða þá hérna kom þjónustustúlka og hún sagði að við fengjum ekki afgreiðslu af því að við höfðum hagað okkur svo ósiðlega daginn áður eða kvöldið áður. Og þetta kom svolítið illa við okkur vegna þess að, ekki það, mér var skítsama, ég get alveg farið út án þess að borða það kom mér ekkert við sko og það gerðum við reyndar, en um kvöldið átti að vera sko ball þar sem að Snót sá um viss atriði á þeim tíma. Þannig að ég náttúrulega fer ekki inn í hús sem er búið að reka mig úr. Svo við ræddum þessi mál, ég og formaðurinn Jóhanna Friðriks sem var þá og fleiri, og hérna við þurftum eiginlega ekkert að ræða þessi mál vegna þess að eigandi staðarins hringdi upp í Snót og baðst fyrirgefningar og sagði það að við ættum að koma við værum meira en velkomnar. Þannig að við fengum mjög góða þjónustu það kvöld. En það er eins og ég segi og hef alltaf sagt að þessi manneskja var aðkomumanneskja þannig að hún var ekki einu sinni Vestmannaeyingur sko. Sú sem setti á okkur straffið fyrir það að hafa eflaust kysstst kvöldinu áður.

HRA: En afhverju flyturðu frá Eyjum?

Ég flutti aðallega vegna þess að ég var ástfangin og hérna ákvað það að sú manneskja sem ég ætlaði, sem sagt var ástfangin í hún vildi örugglega ekki flytja til Vestmannaeyja. Hefði hún verið tilbúin til að flytja til Vestmannaeyja þá held ég að ég hefði ekki farið héðan. Á þeim tíma. Og ég sakna þess að mörgu leyti að hafa farið héðan vegna þess að ég held í rauninni að svona bæjarlíf eigi betur við mig heldur en Reykjavík þó ég búi í Reykjavík og muni gera það eflaust það sem eftir er. En ég held að á þeim tíma hafi kannski ekki allir treyst sér til þess að flytja út á land og fara að búa í sambúð sem samkynhneigðir. En það var allt í lagi í Reykjavík. Þar er alltaf hægt að fela sig ef fólk vill.

HRA: Var það þess vegna sem að þú fórst?

Nei, ég fór ekki til að fela mig, ég hélt áfram að starfa með Samtökunum og hérna fór í, ég held ég hafi verið fyrsta konan sem fór í mótmælagöngu með Samtökunum. Ef ég man rétt, 1. maí þegar við fengum ekki að fara inn í ASÍ göngu og hérna við fórum nokkur og stóðum, þá labbaði ASÍ gangan hjá Laugardalshöllinni og við fórum nokkur og vorum með mótmælaspjöld og stóðum fyrir utan og biðum eftir göngunni. Þú veist þannig að, af því að við fengum ekki að vera með inni í henni og vorum með okkar borða og ég held að ég hafi verið eina konan í þeim hópi. Þannig að ég held nú ekki að ég hafi farið til Reykjavíkur til að fara í felur. Og ég held að það eigi ekki fyrir mér að liggja að fara í felur.

HRA: Það þekkja allir Stellu Hauks hérna í Eyjum.

Margir ekki allir. Ekki unga fólkið. Það eru margir. Ég þekki marga héma og það eru margir sem þekkja mig því hérna ólst ég upp og hér framkvæmdi ég flesta þá glæpi sem ég hef framið í lífinu. Þannig að mér finnst það eðlilegt að jafn margir þekki mig og ég þekki. Ég þekki jafn marga og þekkja mig.

- Viðtal við frystihús. -

HRA: Þarna segðu mér frá þessum árum, þú vinnur hérna í frystihúsinu og svo ferðu hérna, hlutirnir breytast aðeins hjá þér...ekki satt?

Jú ég er náttúrulega í þessu frystihúsi þegar að ég, hlutirnir fara að breytast hjá mér en kannski breyttust þeir ekkert mikið, bara ég fór að horfast í augu við það sem ég var. Ég áttaði mig á því að, á meðan ég var hér þá áttaði ég mig náttúrulega á því að ég væri lesbísk það gefur auga leið. Og ég man einhvern tímann eftir því þegar ég kom inn í sal einhvern morgun eftir að ég var sem sagt hætt í sambandi við manninn minn og svona eða sem sagt kærastann, að þá man ég að ég kom hérna inn í sal og var að velta því fyrir mér að nú var ég búin að vinna með öllum þessum konum í öll þessi ár og eiga allar þessar vinkonur og annað og breytir þetta einhverju? Sko hugarfarslega séð, hjá mér eða hjá þeim þegar þær komast svo að því. Og það breytti náttúrulega engu hugarfarslega séð hjá mér, ekki hjá þeim heldur náttúrulega það gefur auga leið því ef það breytir ekki þínu hugarfari þá breytir það ekki þeirra hugarfari. Fyrir mér er það bara þannig. Þannig að eins og ég segi ég man ekki eftir neinum fordómum þegar ég kom úr felum til dæmis hér í Vestmannaeyjum sem lesbísk. Og alls ekki í vinnunni sko. Þannig að, ja undir flestum kringumstæðum á ég ofsalega góðar

Svona fólk

minningar héðan, fyrir utan svona þessa baráttu sem að var í gangi á þeim tíma. Hún er náttúrulega skemmtileg í dag því hún er ekki til lengur, því miður, ja bæði sem verkalýðspólítík og sem önnur pólitík. Það reyndi meira á verkalýðspólítíkina hjá mér heldur en lesbíska pólitík hér í Vestmannaeyjum sko. Og á þessum stað. En hérna þetta eru tímar sem náttúrulega koma aldrei aftur á hvorn veginn sem að það er. Ekki fyrir mér sem einstaklingi kemur hvorugt tímabilið aftur, hvorki það að þurfa að horfast í augu við mig sem lesbíu á svona stað eða berjast í pólitík á svona stað. Þess vegna eru kannski minningarnar mjög góðar um þessa Vinnslustöð eins og hún heitir.

HRA: Segðu mér hérna, óttaðistu að þegar þú varst að koma úr felum?

Nei veistu ég hef ofsalega lítið verið hrædd. [*Flugvél*] Ég hef ofsalega lítið verið hrædd um sko. ég held ég hafi alltaf æst út í allt sem ég gerði og þegar ég uppgötvaði það að ég var ástfangin í konum þá að þá held ég að ég hafi líka bara ætt út í það. Ég hafi bara einfaldlega sko ekki viljað hugsa neinar afleiðingar sko, ekki viljað takast á við það fyrirfram heldur að taka á móti því þegar þar að kæmi.

HRA: Það hlýtur nú að hafa verið svolítið erfiðleikar að fara frá mannum þínum?

Nei, ekki, mér fannst það ekki.

HRA: Geturðu aðeins talað um það hvernig, hvernig?

Mér fannst sko...

HRA: Hvernig var fjölskylduuppbyggingin sko á þessum tíma geturðu aðeins talað um það?

Fjölskylduuppbygging mín var sú að ég bjó ein með syni mínum, semsé ég skildi við sambýlismann minn og flutti bara og bjó ein með syni mínum. Og átti náttúrulega mína fjölskyldu, systkini og foreldra og allt það og önnur ættmenni. Og mér fannst eiginlega sko þegar ég tók þessa ákvörðun þá fannst mér eiginlega að sko að ef fjölskyldu minni þætti vænt um mig að þá gæti hún ekki breytt þeirri afstöðu þó ég yrði lesbísk. Það var bara fyrir mér svoleiðis. Og ef hún gerði það þá var ég alveg tilbúin til þess að yfirgefa þau sko, nákvæmlega eins og þau væru þá tilbúin til að yfirgefa mig. En sem betur fer var ég það heppin að bæði systkini mín og foreldrar tóku, sem sagt héldu áfram að líta á mig sem bara það sem ég er. Ekki sem kynveru heldur eða skilurðu, bæði sem kynveru náttúrulega og manneskju en hérna þannig að ég varð ekki fyrir aðkasti, hvorki frá fjölskyldu minni eða svona einstaklingum hér í Eyjum út af því að ég væri lesbísk.

Svona fólk

HRA: Út af öðru þá?

Frekar út af pólitík en lesbisma eða sko hinni pólitíkinni, að ég væri vinstri maður eða kommúnisti, heldur en nokkurn tímann að ég væri lesbísk. Ég held að það hafi verið harðari sem sagt andstaða gegn því heldur en nokkurn tímann hinu. Og ég meina einn og einn aðili eins og gefur að skilja þegar hann drakk brennivín þá kannski var hann vis til að segja eitthvað við mig en skilurðu ég meina það gerist alls staðar og það var ekki þannig að ég þyrfti að berjast fyrir því eða sem sagt slást. Það var sest niður og rætt, spurt af hverju og út af hverju og allt svona og ég reyndi að svara því og, ef það er hægt að svara því, en meira var það ekki. Þó að þetta sé hart umhverfi Vestmannaeyjar og virkar það að þá hérna held ég oft að það sé betra að gera svona hluti hér heldur en annarsstaðar á landinu.

HRA: Þú heldur sem sagt jafnvel kannski að smæðin á samfélaginu hafi einhver áhrif haft eða hefurðu eitthvað spáð í það?

Nei, ég held að kannski millistærðin hafi skipt máli. Þetta er ekki minnsta samfélagið í landinu og þetta er ekki það stæðsta. Það eru mörg minni og mörg stærri og þess vegna, sko Vestmannaeyjar voru alltaf mjög einangraðar, að mínu mati, fyrir gos en ég tek það fram að það er bara mín skoðun að það sem að ég man eftir og mér finnst. Eftir gos opnuðust þær en sko, æ ég veit það ekki, ég held að Vestmanneyingar hafi alltaf bara tekið sínu fólki. Ef ég telst þeirra fólk þó ég sé fædd í Keflavík sko. Ég hef fengið að heyra það stundum að ég sé ekki Vestmanneyingur, ég sé Keflvíkingur og sem er náttúrulega rétt ég er fædd þar en ég er náttúrulega uppalin á þessum stað þannig að rætur mínar liggja náttúrulega dýpra hér heldur en í Keflavík, það gefur auga leið að ég eyði mínum æsku og unglingsárum hér og fullorðinsárum til '84. Þannig að ég segi alltaf að ég ætli heim þegar ég ætla til Eyja. Hvað sem öðrum finnst um það.

Spóla 289.

-Úti á túni í þoku-

Já, akkúrat.

HRA: Nennirðu að byrja aftur?

Svona fólk

Nei fyrir mig var ekkert mál að segja þeim að ég væri lesbísk. En og ég tók þá afstöðu sjálf þegar ég var búin að hugsa málin fyrir mig að ef fólk gæti ekki sætt sig sem sagt við það að ég kæmi úr felum sem lesbía og væri lesbísk að þá hefði náttúrulega fólk ekkert, eða það myndi bara skilja sig frá. Semsé þeir sem teldu sig vera vini mína en þyldu það ekki þeir myndu bara skilja sig frá. Og ég varð nú ekki vör við að margir skildu sig frá þannig að ég held þetta, svona já að fólk líti á að ég eigi bara mitt líf. Ég lít á það að aðrir eigi sitt líf. Þannig er það bara.

HRA: Talaðu um pabba þinn.

Við pabbi við ræddum þetta ekkert nema bara honum var sagt þetta og hann sagði þá að það náttúrulega, semsé að ég mundi ekkert, ég meina ég væri alltaf sama manneskjan þrátt fyrir það að ég væri lesbísk, ég meina það skipti ekki máli. Og við lentum ekki í útistöðum eða rökræðum út af því. Ekki sem ég man eftir sko.

HRA: En mamma?

Nei, ég man ekki eftir heldur að hafa rökrætt þetta mikið við hana. Ég bara sagði þeim þetta og þau tóku, hafa svo bara unnið úr því á sinn hátt án þess að við höfum nokkurn tímann rætt það. Mér fannst ekki ástæða fyrir mig til þess að ræða meira heldur en þau vita þetta og það er bara búið og basta.

HRA: Manstu eftir því, geturðu lýst því fyrir mér þegar þú sagðir þeim frá því að þú værir lesbísk?

Ég held ég hafi nú sagt mömmu það á kannski frekar svona kaldan hátt. Mig minnir að við höfum verið að, sko ef ég man rétt, að þá höfum við verið að fá okkur í glas nokkur saman og hérna, einhver, eitthvað mál kom um það hvort ég ætlaði ekki að fara að binda mig eða gifta mig eða eitthvað þess háttar sko og ég sagði að það kæmi aldrei til að ég gifti mig vegna þess ég væri lesbísk. Þannig frétti hún það og þannig að þetta er náttúrulega ekkert skemmtilega gert að gera það svona innan um aðra en sem sagt hana. Nú fjölskyldan ákvað að segja föður mínum þetta en ekki í minni ásýnd af því að hann var nú svona, já var talið að hann myndi ekki taka þessu nægilega vel og þegar að átti að segja föður mínum þetta þá hérna man ég ekki betur en að hann hafi sagt þegar bróðir minn sagði honum það að ég hefði sömu áhugamál og hann, sem sagt konur, að þá man ég ekki betur en pabbi haft bara brosað og sagt - Já vissuði það ekki? í byrjun. Svoleiðis var þetta sko

Svona fólk

en svo er eins og ég segi hef ég náttúrulega, við höfum ekki rifist út af þessu og við höfum ekki, þau hafa ekki ráðist á mig út af því að ég sé lesbísk og ég hef ekki fundið neina þörf hjá mér til að ræða við þau sérstaklega. Þú veist, mér finnst bara að málin standi þannig yfirleitt með fólk að, og einstaklinga innan fjölskyldna, að hafi það verið fjölskyldur þá hljóti það að vera áfram fjölskyldur hvernig sem einstaklingurinn bregst, einn einstaklingur bregst við eða sem sagt kemur í ljós innan fjölskyldunnar. Ég meina við breytustum ekkert það vitum við. Við erum alltaf þau sömu. Og mér þykir vænt um mitt fólk og ég meina ég vona þá að því þyki vænt um mig líka. Að ég held það ennþá þar til eitthvað annað kemur í ljós.